

REGLUGERÐ

um daggjöld fyrir hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2012.

1. gr.

Daggjöld fyrir hjúkrunarrými og sérhæfða vistun.

Daggjöldum á stofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2012:

A. Hjúkrunarrými.

Liður	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
401	113	Grenilundur, Grenivík	22.831
401	113	Hvammur, Húsavík	22.400
401	113	Blesastaðir, Skeiðum	22.555
401	113	Sólvellir, Eyrabakka	19.940
401	113	Roðasalur, Kópavogi	20.696
401	113	Sæborg, Skagaströnd	20.696
401	113	Silfurtún, Búðardal	22.281
401	113	Hlévangur, Reykjanesbæ	22.129
401	113	Kirkjuhovoll, Hvolsvelli	23.513
405	101	Hrafnista, Reykjavík	22.835
405	101	Hrafnista, Reykjavík, endurhæfing	27.691
406	101	Hrafnista, Hafnarfirði	22.835
407	101	Grund, Reykjavík	22.337
408	101	Sunnuhlíð, Kópavogi	22.835
409	101	Hjúkrunarheimilið Skjól	22.337
410	101	Hjúkrunarheimilið Eir	22.068
410	101	Hjúkrunarheimilið Eir, endurhæfing	28.611
411	101	Garðvangur, Garði	22.951
412	101	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	21.802
412	101	Hjúkrunarheimilið Skógarbær, endurhæfing	28.244
413	101	Droplaugarstaðir, Reykjavík	22.608
414	101	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	23.749
415	101	Hulduhlíð, Eskifirði	22.674
416	101	Hornbrekka, Ólafsfirði	22.674
417	101	Naust, Þórshöfn	21.741
418	101	Seljahlíð, Reykjavík	24.206
423	101	Höfði, Akranesi	21.802
424	101	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	22.238
425	101	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	23.677
426	101	Fellaskjól, Grundarfirði	21.741
427	101	Jaðar, Ólafsvík	21.213
428	101	Fellsendi, Búðardal	22.129
429	101	Barmahlíð, Reykhólum	22.010
433	101	Dalbær, Dalvík	21.970
434	101	Öldrunarstofnun Akureyrar	21.539
436	101	Uppsalur, Fáskrúðsfirði	21.071
437	101	Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	21.331

438	101	Klausturhólar	22.010
439	101	Hjallatún, Vík	21.476
440	101	Kumbaravogur, Stokkseyri	20.413
441	101	Ás Ásbyrgi, Hveragerði	22.835
442	101	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	21.071
443	101	Holtsbúð, Garðabæ	23.513
445	101	Mörk, Reykjavík	22.835
446	101	Boðarþing, Kópavogi	23.060

Daggjald að fjárhæð 20.980 kr. sem er miðað við RAI 1,00 liggur til grundvallar útreikningi á daggjöldum hjúkrunarrýma.

Daggjald skal greitt þrátt fyrir að vistmaður hverfi af stofnun í stuttan tíma, svo sem til aðstandenda yfir helgi eða hátíðar, enda hafi heilbrigðisyfirvöld ekki aukakostnað af dvölinni.

Fari vistmaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar skal greiða 70% af daggjaldi stofnunar í allt að 45 daga.

Við andlát vistmanns eða þegar vistmaður flytur fyrir fullt og allt af stofnun skal greiða fullt daggjald í allt að sjö daga. Ef vistmaður í hvíldarrými andast skal greiða fullt daggjald í allt að tvo daga.

Daggjald skal greitt stofnun vegna sjúklinga með langvinna nýrnasjúkdóma þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á sjúkrahús. Sjúkrahúsið greiðir kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á það. Greiða skal 1.500 kr. á dag til viðbótar daggjaldi stofnunar fyrir hvern sjúkling með langvinnan nýrnasjúkdóm sem dvelst á stofnun og þarf blóðskilun á sjúkrahúsi.

B. Sérhæfð vistun.

Stofnun	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
477	110	Árborg, dagvistun aldraðra v/minnissjúkra	11.626
441	117	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði, geðrými	16.200
477	110	Dagvist aldraðra Reykjanesbæ v/minnissjúkra	11.626
477	110	Dagvist Blesugróf, Reykjavík	11.626
477	110	Dagvist Eyjafjarðarsveitar	11.626
474	110	Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	10.665
477	110	Drafnarhús, Hafnarfírói	11.626
470	110	Dvalarheimili aldraðra heyrmarlausra	12.329
476	110	Fríðuhús, Reykjavík	11.626
477	110	Hrafnista í Reykjavík, dagvist endurhæfing	14.515
410	115	Hjúkrunarheimilið Eir	11.626
412	171	Hjúkrunarheimilið Skógarbær, endurhæfingardeild	28.244
472	110	Hlíðarbær, Reykjavík	11.626
477	110	Lagarás, Egilsstöðum v/minnissjúkra	11.626
473	110	Lindargata, Reykjavík	11.626
475	110	Múlabær, Reykjavík	7.575
477	110	Roðasalir, Kópavogi	11.626
434	110	Öldrunarstofnun Akureyrar v/ minnissjúkra	11.626

Nauðsynlegur flutningskostnaður vistmanna er innifalinn í dagvistunargjaldi. Þeir sem njóta þjónustu dagvistar skulu greiða 925 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

2. gr.

Daggjöld fyrir dvalarrými og almenna dagvistun.

Daggjöldum vegna dvalarrýma fyrir aldraða og vegna dagvistunar aldraðra er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2012:

1. Vistgjald á dvalarrými fyrir aldraða 10.221 kr.
2. Gjald á dagvistun fyrir aldraða 5.275 kr.

Nauðsynlegur flutningskostnaður vistmanna er innifalinn í dagvistunargjaldi. Þeir sem njóta þjónustu dagvistar skulu greiða 925 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Vistgjald til dvalarheimilis fyrir aldraða er greitt frá upphafi dvalar og til loka þess mánaðar sem vistmaður er tekinn inn á heimilið. Vistgjald þetta skal ekki hafa áhrif á bætur Tryggingastofnunar ríkisins til vistmannsins, greiðslu Tryggingastofnunar á vistunarframlagi til dvalarheimilisins og þátttöku vistmanns í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

3. gr.

Þjónusta í hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrýmum.

Innifalinn í daggjöldum samkvæmt reglugerð þessari er hvers konar þjónusta sem vistmönnum er látin í té á stofnunum, sbr. meðal annars reglugerð nr. 422/1992, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

4. gr.

Húsnæðisgjald vegna viðhalds.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrýmum. Gjaldið árið 2012 er 3.179 kr. á m² á ári og reiknast að hámarki á 60 m² á hvert hjúkrunar- og dvalarrými að meðtöldu sameiginlegu rými og að hámarki 30 m² á dagvistarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

5. gr.

Framkvæmd.

Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. mgr. 22. gr., 2. mgr. 24. gr., 55. gr. og IV. ákvæði til bráðabirgða laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, 6. og 10. mgr. 48. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 1. og 3. mgr. 21. gr., 1. mgr. 22. gr. og 29. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 35/2011, um daggjöld fyrir hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2011.

Velferðarráðuneytinu, 23. janúar 2012.

Guðbjartur Hannesson.

Anna Lilja Gunnarsdóttir.